NÁMSGREIN: ÍSLENSKA
KENNSLUYFIRLIT- 5.BEKKUR

Kennsluhættir: Átta kennslustundir á viku. Kennt er í lotum eftir viðfangsefnum. Lögð verður áhersla á að nemendur læri að bera ábyrgð á eigin námi og þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum. Kennslan byggist m.a. á innlögn, reglulegri upprifjun, einstaklingsvinnu og hópavinnu.
Námsþættir: Pals, bókmenntir og ljóð, skrift, stafsetning, ritun, málfræði og yndislestur
Námsmat: Námsmat verður byggt á verkefnaskilum, heimanámsskilum og virkni í tímum. Einnig verða lagðar fyrir kannanir.
Námsgögn:

-Allt getur gerst; lesbók og vinnubók
- Málrækt 1
- Ljóðspor
- Skrift 5
- Öðruvísi dagar
- Lestrarbækur ásamt vinnubókum

-Ég heiti Grímar; lesbók og vinnubók
- Orðspor 1
- Skólaljóð
- Skriftarverkefni úr Ollu og Pésa
- Bækur af bókasafni til yndislestrar

Tímabil	Námsþættir	Leiðir	Hæfniviðmið	Námsmat
Kennt í lotum.	Pals. Lestur, bókmenntir og ljóð.	Pals námskeið. Upplestur. Verkefni úr texta. Orðavinna. Þjálfa lestrarhraða og lesskilning. Auka orðaforða og málskilning. Uppsetning ljóða. Myndræn túlkun.	• Tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar. • Átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi • Hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum. • Tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyranda m.a. með aðstoð leikrænnar tjáningar. • Tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum. • Lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað. • Notað þekkingu og reynslu ásamt ríkulegum orðaforða og skilning á texta. • Lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann. • Beitt og greint innihald ljóða svo sem rím og boðskap. • Greint nokkur frásagnarform bókmennta og beytt fáeinum bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning svo sem tíma, sjónarhorfi, sögusviði og boðskap.	Lesfimi sept., des., maí. Orðarún I og II. Símat.

			• Valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju. • Greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta. • Aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna, og lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika upplýsinga. • Lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð og bókmenntir ætlaðar börnum og unglingum.	
Kennt í lotum.	Skrift, stafsetning og ritun	Innlögn Verkefnavinna. Uppbygging og flutningur texta.	• Skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur. • Notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa. • Beitt helsu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim. • Skrifað texta með ákveðinn lesanda í huga, á blað eða tölvu. • Samið texta þar sem beitt er eigin sköpun.	Aston Index okt. Verkefni. Símat.
Kennt í lotum.	Málfræði	Innlögn. Verkefnavinna. Paravinna.	• Gert sér nokkra grein fyrir eigin máli og hefur skilning á gildi þess að bæta það. • Gert sér grein fyrir margræðni orða og nýtt málfræði kunnáttu sína við orðamyndun, tal og ritun. • Áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í fallorð, t.d. nafnorð og greint hlutverk og helstu einkenni. • Beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar. • Notað allríkulegan orðaforða í ræðu og ritun. • Áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í fallorð, t.d. lýsingarorð og greint hlutverk og helstu einkenni. • Nýtt sér kunnáttu og færni til þess að fletta upp orðum í orðabók. • Nýtt orðaforða sinn til að skapa ný orð og orðasambönd og notað þau í texta. • Áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð og greint hlutverk og helstu einkenni.	Verkefni og símat.